

Landgræðsla ríkisins  
Gunnarsholti  
851 Hellu

Reykjavík, 14. júní 2016  
Tilvísun: 1602283


## Efni: Staðfesting landbótaáætlunar fyrir Landmannafrétt 2016-2025

Samkvæmt 3. mgr. 15. greinar breytingarreglugerðar nr. 536/2015 um gæðastýrða sauðfjárframleiðslu getur Landgræðsla ríkisins áritað landbótaáætlun hafi hún verið unnin í samráði við stofnunina og Landgræðslan sé henni samþykk. Landbótaáætlun 2016-2025, til 10 ára, fyrir Landmannafrétt barst óárituð til Matvælastofnunar þann 10. febrúar 2016. Matvælastofnun sendi landbótaáætlunina 23. mars 2016 til Landgræðslunnar til umsagnar í samræmi við ákvæði 4. mgr. 15. gr. fyrrgreindrar reglugerðar um gæðastýrða sauðfjárframleiðslu. Umsögn barst frá Landgræðslunni þann 25. apríl 2016. Matvælastofnun óskar eftir frekari svörum með bréfi þann 13. maí 2016 og svar barst frá Landgræðslunni þann 6. Júní 2016.

Það er niðurstaða Matvælastofnunar að henni beri að staðfesta landbótaáætlun fyrir Landmannafrétt og byggir stofnunin þá niðurstöðu á umsögn Landgræðslunnar og ákvæði 7. mgr. 15. gr. breytingarreglugerðar nr. 536/2015 um gæðastýrða sauðfjárframleiðslu. Matvælastofnun leggur áherslu á sbr. fyrrgreint ákvæði að þáttakendur landbótaáætiunarinnar fylgi þeim ítarlegu tillögum sem koma fram í landbótaáætluninni um hvernig skuli dregið úr beitará lagi, svo sem, með fækjun fjár, aðgangi að öðru beitarlandi og styttri beitartíma og hvernig komið er í veg fyrir beit á landi í ástandsflökk 5. Þá er vakin athygli á því að Landgræðsla ríkisins fer með eftirlitsskyldu með framkvæmd landbótaáætlunar og framkvæmir árangursmat í samráði við þáttakendur hennar í samræmi við staðfesta landbótaáætlun.

Þáttakendur í gæðastýringu í sauðfjárrækt er jafnframt bent á að kynna sér vel kröfur sem settar eru um aðbúnað og umhverfi, skýrsluhald, jarðrækt, fóðrun, heilsufar, lyfjanotkun og afurðir í stofnreglugerð nr. 1160/2013 um gæðastýrða sauðfjárframleiðslu. Þeir sem uppfylla ekki kröfur um gæðastýrða sauðfjárframleiðslu eiga rétt á álagsgreiðslum úr ríkissjóði til samræmis við samning um starfsskilyrði sauðfjárræktar.

Virðingarfyllst,  
f.h. Matvælastofnunar



Jón Baldur Lorange  
framkvæmdastjóri  
búnaðarmálaskrifstofu Matvælastofnunar

Fylgiskjal: Landbótaáætlun fyrir Landmannafrétt 2016-2025

Samrit: Landgræðsla ríkisins

Þáttakendur í landbótaáætlun.

Matvælastofgjun	Málaskrá Mast:	1602283
Abm.:	JBL	Fskj.:
Innk. dags.:	12. FEB. 2016	
Bréfalykill:	11.2.2	

## Landbótaáætlun fyrir Landmannafrétt 2016-2026

### Inngangur

Áætlun þessi er unnin af framleiðendum sem nýta Landmannafrétt til beitar og sem jafnframt eru þátttakendur í gæðastýrðri sauðfjárframleiðslu. Í afréttinn er nú árlega sleppt um 4500 fjár.

Ástand afréttarins sjá töflu 1. Tafla 1 er unnin eftir vinnukorti Landgræðslu ríkisins, EFP febrúar 2016.

Tafla 1. Ástand Landmannafréttar 2016

Landmannafréttur	Stærð 118.655ha	%	% af
Ástandsflokkun	Ha	Ástands-flokkun	heildar-stærð
Ágætt, gott eða sæmilegt (0-2)	19.759	27,5%	16,7%
Uppgræðsluslusvæði (0-2)	349	0,5%	0,3%
Slæmt (3)	5.778	8,0%	4,9%
Mjög slæmt (4)	9.682	13,5%	8,2%
Óhæft til beitar (5)	36.225	50,5%	30,5%
<b>Ástandsflokkun alls</b>	<b>71.793</b>	<b>100,0%</b>	<b>60,5%</b>
Landgræðslugirðing	22.130		18,7%
Vötn	4824		4,1%
Fjöll, grjótskriður og jöklar	19.908		16,8%
	<b>46.862</b>		<b>39,5%</b>
<b>Alls</b>	<b>118.655</b>		<b>100,0%</b>

Þar sem meira en 5% afréttarins flokkast í ástandslok 5 og hlutfall hans sem flokkast í ástandslokka 3,4 og 5 nemur meira en 33% þarf að gera landbótaáætlun sem felur í sér úrbætur á þessu skv. reglugerð nr. 1160/2013, sbr. breytingarreglugerð nr. 536/2015 um gæðastýrða sauðfjárframleiðslu.

### Markmið þessarar áætlunar eru eftirfarandi:

- Landbætur: Græddir verða upp 200 ha þannig að gróðurþekja uppgræðslunnar verði a.m.k. 50% á gildistíma áætlunarinnar. Markmið aðgerða er að græða upp og auka gróðurlendi. Unnið verður að því að mynda samfelld gróðurlendi sem eiga að vera sjálfbær og auka beitargildi afréttarins.
- Beitarstýring: Veiðivatnasvæði norðan Tungnár verður friðað á gildistíma áætlunarinnar fyrir búfjárbeit. Þegar svæðið verður friðað telst það ekki lengur til beitarlands og hefur þar með ekki áhrif á ástandslokun afréttarins, sjá afmörkun Veiðivatnasvæðis á meðfylgjandi gróðurkorti sem starfsmenn Landgræðslu ríkisins gróðurflokuðu í febrúar 2016.
- Beitarstýring: Hámarksbeitartími verður 65-70 dagar. Þannig verður nýting í samræmi við skilgreiningu reglugerðar 1160/2013 og reglugerðar 536/2015.



## Aðgerðir

Framangreindum markmiðum um landnýtingu skal náð með eftirfarandi aðgerðum framleiðenda:

**Landbætur:** Borinn verður á tilbúinn áburður á 100 ha á ári, nýjar uppgræðslur í Valafelli og nágrenni og á Kvíslum munu telja 200 ha árið 2025, sjá meðfylgjandi kort. Umfang árlegra uppgræðslaðgerða er sett fram í töflu 2.

Tafla 2. Umfang árlegra landgræðslaðgerða á Landmannafrétti 2016-2025

Ár	Svæði	Áburðargjöf	
		ha	magn (tonn)
2016	Valafell og nágrenni	75	15
2016	Kvíslar	25	5
2017	Valafell og nágrenni	75	15
2017	Kvíslar	25	5
2018	Valafell og nágrenni	75	15
2018	Kvíslar	25	5
2019	Valafell og nágrenni	75	15
2019	Kvíslar	25	5
2020	Valafell og nágrenni	60	12
2020	Kvíslar	40	8
2021	Valafell og nágrenni	60	12
2021	Kvíslar	40	8
2022	Valafell og nágrenni	60	12
2022	Kvíslar	40	8
2023	Valafell og nágrenni	60	12
2023	Kvíslar	40	8
2024	Valafell og nágrenni	60	12
2024	Kvíslar	40	8
2025	Valafell og nágrenni	60	12
2025	Kvíslar	40	8

Áburður skal vera a.m.k. tvígildur NP áburður. Miðað er við að borin séu 150-200 kg af tilbúnum áburði pr. ha. Áburðardreifingu skal framkvæma eins snemma að sumri til og kostur er og eigi síðar en 28. júní.

Vilji er fyrir frekari uppgræðslustörfum hjá uppresktraraðilum ef meiri fjármunir fást til uppgræðslustarfa. Munum við þá senda Landgræðslunni upplýsingar um umfang frekari uppgræðslu en getið er hér í töflu að ofan.

Ábyrgðaraðili sbr. 17. gr. 3 mgr. fyrir framkvæmd landbóta er fjallskilanefnd á hverjum tíma.

**Beitarstýring:** Fé verður ekki sleppt á afréttinn fyrr en í fyrsta lagi 10. júlí ár hvert að undangenginni gróðurskoðun fjallskilanefndar og fulltrúa Landgræðslu ríkisins.

Fjallskilastjórn hefur heimild til þess að seinka upprekstri um allt að 10 dögum telji hún ástæðu til þess vegna sprettu. Sú ákvörðun verður að vera auglýst í héraðsblaði fyrir 10. júlí ár hvert.



Ekki verður fleira en 4.700 fjár á afréttinum yfir sumartímann, beitartíminn er að hámarki 70 dagar. Heildarbeitarartími verður í raun aldrei lengri en 61 dagur því bændur keyra féð í afréttinn á um 15 dögum eftir að leyfi er gefið fyrir að sleppa megi í afréttinn farið er svo föstudaginn í 22. viku sumars að smala afréttinn.

1980 var um 6.500 fjár á Landmannafrétti og beitartími lengri en 70 dagar, því fé gat farið sjálft snemmsumars.

Sauðfénu verður sleppt á nokkrum stöðum sjá töflu 3.

**Tafla 3. Sleppistaðir og fjöldi**

	u.b.b.
Sleppistaður	Fjöldi
1. Valafell	300
2. Sauðleysur	150
3. Löðmundarver	700
4. Við Löðmundarvatn	550
5 a) Klukkugilsfitjar	500
6 b) Klukkugilsfitjar	500
7 c) Klukkugilsfitjar	500
8 d) Klukkugilsfitjar	500
9. Dómadalur	500
10. Tjörvafell	300
<b>Alls</b>	<b>4500</b>

Féð er sett á vagna eða kerrur heima á búunum og lesin númer af öllu fullorðnu fé og lömb talin. Féð er keyrt á sleppistaðina á vögnum og kerrum. Þegar komið er á sleppistað er féð rekið af farartækjum og lemt. Ekki fara allir upprekstraraðilar með féð sama daginn, dreifist á um 15 daga að féð sé keyrt á sleppistaði Landmannafréttar sem stuðlar að dreifingu fjársins og stuðlar að betri landnýtingu. Sleppistaðirnir eru að stærstum hluta í hjarta Landmannafréttar en með því móti er stuðlað að dreifingu fjársins, féð fer á sínar stöðvar en eins og máltaekið segir; „sauður man hvar lamb gekk“. Féð er ekki kjurt á því svæði sem því er sleppt á allt sumarið það dreifir sér um afréttinn og hefur dreifing á fénu á Landmannafrétti alltaf verið góð sem stuðlar að jafnri beit.

Eins og fram kemur í bréfi frá Landgræðslu ríkisins dagsett 20. júní 2014 varðandi beitarþunga að hann sé ekki meiri en sem nemur meðalbeit á ástandslokka 0, 1 og 2 og samkvæmt íslenskum beitarrannsóknunum telst hæfilegur meðalbeitarþungi á algrónum úthaga vera um 0,3 ær/ha. Þegar búið er að friða Veiðivatnasvæðið eru 17.865 ha auk upppgræðslusvæða sem falla undir ástandslokunum 0-2 á Landmannafrétti samkvæmt mati Landgræðslu ríkisins, sjá töflu 4. Samkvæmt íslensku beitarrannsóknunum væri því óhætt að beita 5.464 ám eða um 9.289 fjár á afréttinn en eins og áður segir munum við hámarka beitarfjöldan við 4.700 fjár (ær með lömbum) og stuðla þannig að litlu beitarálagi.

Varðandi það svæði sem flokkað er í Ástandslok 5 er ástæðan fyrir gróðurástandi slíkra svæða annarsvegar um að kenna vatns- og vindrofi og hins vegar nábýlí við eldfjallið Heklu það er alveg skýrt að sauðféð er ekki áhrifavaldur þess að þessi svæði flokkist í gróðurflokk 5



það eru náttúruöflin sem eru þar allsráðandi. Gott væri fyrir fólk að horfa til Veiðivatnsvæðisins sem varla hefur komið sauðkind á í 50 ár og skoða hvort gróðurframvinda sé þar meiri en á öðrum svæðum Landmannafréttar. Við upprektstraraðilar teljum að vandað hafi verið til við stýringu beitar og landnýtingu á Landmannafrétti og stundað uppgræðslu á svæðinu í góðu samstarfi við Landgræðslu ríkisins. Upprekstraraðilar telja sig sjá mjög jákvæðar framfarir í gróðurfari á Landmannafrétti.

**Friðun:** Landgræðslugirðing 22.130 ha þ.e. 18,7% af heildar stærð Landmannafréttar er friðuð fyrir beit frá árinu 1970, sjá meðfylgjandi kort. Friðað verður Veiðivatnsvæðið 39.017 ha fyrir beit þ.e. 32,9% af heildarstærð Landmannafréttar, sjá meðfylgjandi kort.

Veiðivatnsvæðið verður friðað fyrir beit frá og með árinu 2015. Veiðivatnsvæðið hefur í raun verið friðað fyrir beit síðan 1950. Fé sem heimtist í smölun á Veiðivatnsvæði verður fargað eða haldið heima. Til að tryggja þetta verður svæðið smalað sérstaklega og einstaklingsnúmerum og bæjarnúmerum safnað saman og haldið til haga af fjallskilastjórn ár hvert. Komi fé fyrir í tvígang á svæðinu telst það jafngilda því að eigandi fjárins brjóti ákvæði þessarar landbótaáætlunar. Með þessum friðunaraðgerðum er búið að friða fyrir sauðfjárbeit **51,5%** af heildar hektara fjölda Landmannafréttar.

Í lok gildistíma áætlunarinnar mun ástandsflokkun afréttarins verða eftirfarandi, gangi áætlunin eftir og að öðrum forsendum óbreyttum sjá töflu 4. Tafla 4 er unnin eftir vinnukorti Landgræðslu ríkisins, EFþ feb. 2016.

Tafla 4. Ástandsflokkun Landmannafréttar 2015

Landmannafréttar	Stærð 118.655ha		
Ástandsflokkun	Ha	% Ástands-flokkun	% af heildar-stærð
Ágætt, gott eða sæmilegt (0-2)	17.865	47,9%	15,1%
Uppgræðslusvæði (0-2)	349	0,9%	0,3%
Fyrirhugað uppgræðslusvæði (0-2)	200	0,5%	0,2%
Slæmt (3)	3.162	8,5%	2,7%
Mjög slæmt (4)	5.791	15,5%	4,9%
Óhæft til beitar (5)	9.897	26,6%	8,3%
<b>Ástandsflokkun alls</b>	<b>37.264</b>	<b>100,0%</b>	<b>31,4%</b>
Landgræðslugirðing	22.130		18,7%
Friðað- Veiðivötn	39.017		32,9%
Vötn	1.804		1,5%
Fjöll, grjótskriður og jöklar	18.440		15,5%
	<b>81.391</b>		<b>68,6%</b>
<b>Alls</b>	<b>118.655</b>		<b>100,0%</b>

Staðsetning uppgræðslusvæða, landgræðslugirðingar og friðaðra svæða má sjá á meðfylgjandi korti.

**Árangursmat:** Fyrirhuguð landbótasvæði verða metin sumarið 2016 þar sem hlutfall gróðurs á yfirborði verður mælt á 4 stöðum innan hvers uppgræðslusvæðis sem valdir verða handahófskennt eftir GPS hnítakerfi. Mælingarnar verða endurteknar sumarið 2021 á sama



hátt þannig að glögg mynd fáist af árangri landbótanna. Árangursmatið verður unnið af Landgræðslu ríkisins í samráði við ábyrgðaraðila áætlunarinnar. Unnið verður skv. verklýsingu Landgræðslunnar við mat á árangri landbóta í gæðastýringu í sauðfjárframleiðslu.

**Beitarálag.** Þar sem viðmið um ástand sbr. viðauka I í reglugerð 1165/2013 nást trúlega ekki á gildistíma áætlunarinnar felur hún í sér aðgerðir til þess að draga úr beitarálagi sbr. 7 m.gr. 15. gr. í reglugerð 536/2015. Með samspili ákvæða áætlunarinnar um mjög umfangsmikla friðun svæða sjá kafla um friðun hér að ofan, uppgræðslu sjá kafla um landbætur, stýringu á upprekstri og styttingu beitartíma sjá kafla um beitarstýringu, er gert ráð fyrir að dragi umtalsvert úr beitarálagi með framkvæmd áætlunarinnar.

### Gildistími – endurskoðun

Áætlun þessi gildir frá 1.mars 2016 til 31. desember 2025.

Verði verulegar breytingar á forsendum áætlunar þessarar á gildistíma hennar er heimilt að breyta og/eða endurskoða áætlunina. Breyting og/eða endurskoðun áætlunarinnar skal vera skrifleg og staðfest með undirritun allra aðila áætlunarinnar.

Um breytingar gilda ákvæði reglugerðar um gæðastýrða sauðfjárframleiðslu um umsögn Landgræðslu ríkisins, staðfestingu Matvælastofnunnar og eftir atvikum önnur atriði.

~~um umsögn Landgræðslu ríkisins og staðfestingu Matvælastofnunar.~~

Áætlun þessi er gerð í 2 samhljóða eintökum.

*Lanngálanum 10. febrúar 2016*

Til staðfestingar þessari áætlun, rita framleiðendur sem nýta Landmannafrétt hér nöfn sín í viðurvist tveggja vitundaryotta:

*Kristján Guðrúnsson  
Ófeigur Ólafsson  
Kári Þorfinnsson  
Birgir Ómar Þorvaldsson  
F.H. Þorleifur Þórður Þorvaldsson  
Erlendir Þorvaldsson  
Jónas Ívarsson  
Ólafur Þorvaldsson  
Göðvi Grønneson  
Róðr Þorvaldsson*

*Kristján Guðrúnsson  
Anna Þórdís Stefánsdóttir  
Helga Benedeck Þórssen  
Steður Þórir Sigurðsson  
Sigrður Theodóra Kristinsdóttir  
Sigrún Óskar Óskarsdóttir  
Hannes Birgir Hannesson  
Guðbjörn Þórhólfsson*

Vitundarvottar:

Gáður Þorfinnsson 030774-5589  
Óðinný Steina Valrdóttir 020480-4919

Fyrir hönd Matvælastofnunar skv. 5. mgr. 15. gr. reglugerðar um gæðastýrða  
sauðfjárframleiðslu nr. 1160/2013, sbr. breytingareglugerð nr. 536/2015.

Jónas Þórðarson

# Landmannaafréttur - vinnukort 16

Sleppist án fir með frá 1-10  
Fyrirhengja af uppgreftshverfi

